



VESTURBYGGÐ



ÍBÚAFUNDUR Á BARÐASTRÖND Þriðjudaginn 6. október 2015

Fundurinn var haldinn í Félagsheimilinu Birkimel. Ellefu þátttakendur sátu fundinn, að fulltrúum Vesturbyggðar meðtöldum. Hér fara á eftir minnispunktar frá fundinum.

Umræðuefni sem fundarmenn stungu upp á

Fyrst stungu fundarmenn upp á umræðuefnum með því að skrifa niður á miða, sem síðan voru flokkaðir. Hér er það sem rataði á miðana. Hver málaflokkur var svo ræddur frekar.

Birkimelur

- Klæða félagsheimilið.
- Heitara vatn í Birkimel í ofna og vaska.
- Laga rotþró við Birkimel og klæða hús.
- Nýta skólann betur sem svona fyrir skólabekki sem geta komið yfir helgi og undirbúið sig fyrir próf.
- Birkimelur og uppbygging ferðapjónustu.
- Tjaldsvæði við Birkimel og þjónusta inni.
- Koma upp aðstöðu fyrir húsbíla til að losa úrgang.

Ferðapjónusta

- Má huga að frekari uppbyggingu á túrisma.
- Nota gamlar gönguleiðir í ferðamennsku.

Skólamál

- Skólamál og framtíð Birkimelsskóla.
- Notkunarmöguleikar skólans Birkimels.

Veitumál

- Heitt og kalt vatn Krossholtum.
- Hitaveitan á Krossholti.
- Laga hitaveitu á Krossholtum, mikilvægt vegna ferðamennsku.
- Nota heita vatnið í gróðurhús.
- Ljósleiðara og reka á eftir 3 fösum.
- Rafmagnsmál.

Sorpmál

- Ruslamál, loka tunnum betur.
- Sorpmál.
- Sorphirðumál.
- Ruslamál.

Höfn

- Brjánslækjarhöfn.
- Hafnaraðstaða.
- Hafnamál Brjánslæk.
- Höfn á Brjánslæk.

Atvinnulíf

- Atvinnumöguleikar á svæðinu.
- Stuðningur við fyrirtæki í sveitinni.

Landbúnaður

- Beint frá býli. Sala Vestfirskrar framleiðslu.
- Beint frá býli. Fá túrista heim á bæina.
- Sveitamarkaður.

Sjávarútvegur

- Hvetja sjómenn sem gera út á svæðinu yfir sumartímann.

Vegir

- Malbik á Krossholtum og við skóla.

Uppbygging

- Lóðir á vegum Vesturbyggðar.
- Uppbygging í sveitarfélaginu.

Punktur úr umræðum

Birkimelur / skólastarf

Hentar ekki í skólabúðir. Bekkjaferðir, læra fyrir próf.

Nýta húsnæðið meðan kemur hlé á skólahaldi, en geta haldið opnum þeim möguleika að skólastarf hefjist aftur þegar börnum á skólaaldri fjölgar.

Þörf fyrir hjúkrunarheimili.

Gróðurhús.

Ferðabjónusta

Bæta aðstöðu á tjaldsvæði, seyrulosun og rafmagnstenging. Gæti íþróttafélagið séð um tjaldsvæðið? Eða einstaklingar?

Ný bók um gönguleiðir á svæðinu, mun að líkindum auka fjölda göngufólks.

Staðan í atvinnumálum

Vantar fólk! Til að nýta tækifærin.

Vantar meiri atvinnumöguleika til að fá fólk.

Kynslóðaskipti í landbúnaði. Fólk dregur það of lengi að hætta. Fátt hægt að gera í því, nema að tala um það / ræða við viðkomandi.

Fiskeldi, eru 3 starfsmenn, geta orðið 6 – 8 störf. Hugmynd um meiri fullvinnslu.

Hausapurkunn, vélvirki, rafvirki, smiður.

Bændur selja kjötið beint í vaxandi mæli, m.a. á jólamarkaði á Patró.

Veðin veik til að fá lán.

Sorpmál

Tunnur henta ekki. Þarf gáma. Úrræði fyrir járn.

Fólk setur allskonar sorp, sem á ekki heima þar. Eru það mótmæli?

1 x á sumri, járnagámur fari milli bæja.

Bíll sæki annað sorp en heimilissorp einu sinni í mánuði?

Staðsetning á tunnum ekki góð.

Ágæt staðsetning, en þarf að verja og koma þannig fyrir að sjáist ekki.

Steypa vegg?

Hægt að fækka tunnum.

Gámar, hafa litlar lúgur svo eingöngu sé hægt að setja þar ruslapoka.

Mikilvægt að þær fjúki ekki upp eða fjúki úr þeim.

Ferðafólk og sumarbústaðaeigendur.

Blátunna kemur.

Varpað til íbúa að koma með tillögur.

Höfn

Búið að gera forhönnun á bættri aðstöðu og aðgengi.

Flókatóftir.

Deiliskipulagsvinna er að hefjast. Þá er hægt að óska eftir að framkvæmdir fari inn á samgönguáætlun.

Hvers vegna var ekki haft samband við eigendur?

Raunhæft að reikna með að komi til framkvæmda á næstu 7 – 10 árum.

Kostnaður 60 milljónir. Eins og ein íbúð í raðhúsi eða 3 Land Cruiserar!

Setja á 3ja ára áætlun sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri búið að hafa samband við Sæferðir / Eimskip. Ef fyrirtækið leggur málinu lið, eykur það slagkraftinn.
Skútur – 10 skútur á hverju sumri í Vatnsfirði.

Framkvæmdir Birkimel

Múrviðgerðir og viðgerðir á húsinu.
Búið að gera kostnaðaráætlun fyrir kaupum á klæðningu. Slétt járnklæðning, ekki leyfilegt að nota bárujárn.
Hægt að laga með múrviðgerðum.
Kostnaður við múrun + málun gæti verið samtals um 1,5 milljónir.
Fólk hefur ekki trú á múrviðgerðum. Betra ef einangrað og múrað yfir. Lyngbrekka í Borgarfirði nefnt sem dæmi.
Þarf að laga þakskegg.
Ástandið hefur lagast eftir viðgerðir, en ekki nógu gott enn. Er enn leki. Þakgluggi.
Hiti á ofna og vask = varmaskiptir.

Heita vatnið á Holtunum

Sveitarfélagið á borholuna + „Hitaveituna“.
Seytlar heitt vatn. Gömul hola.
Þeir sem hafa notað hafa ekki borgað. Vilja fá að borga.
Flókið að stofna hitaveitu. Samþykktir hafa ekki fengist samþykktar í ráðuneytinu.
Vesturbyggð hefur útgjöld af heita vatninu / „hitaveitunni“, en engar tekjur.
Nýr tankur.
Hefur ekki verið rætt að bora fleiri tilraunaholur.

Ljósleiðari

Fer að Brjánslæk.
Kanna hvað kostar.

Samgöngur

Þrýsta á að komi malbik út á Látrabjarg.

Allt er þetta samtengt!!!

Hvernig getur Vesturbyggð þjónustað betur? (Spurn. bæjarstjóra).
Erfitt að ná í byggingarfulltrúa.

Áframhaldandi samtal við íbúa, hvernig?

- Reglulegir fundir, ca. á 3ja mánaða fresti.
- Sveitungar hittist, styðja hvern annan og ekki allir fari í það sama.
- Mikil tækifæri ef fólk stendur saman. Þarft hjá sveitarfélaginu að halda svona fund.
- Vantar áhuga hjá bæjarstjórn á að vinna með okkur hér innfrá. Búið að tala um sömu hlutina lengi. Kannski líka okkur að kenna. Nú er komið að því að gera eitthvað.
- Vatnsmálin, þarf að gera útbætur fyrir veturinn.
- Falleg sveit.
- Vesturbyggð = sameinuð! Lítum á heildina. Ef við stöndum ekki saman, töpum við.
- Frumkvæði einstaklinganna er mikilvægast, sveitarstjórnin er „hjálpartæki“.
- Skólamálin eru mikilvægust.
- Þróunin byggir á okkur sjálfum.
- Sameina sveitarfélagið.
- Upplýsingaflæði – umræðan við eldhúsbörðin komist alla leið til bæjarstjórnar / starfsmanna / bæjarstjóra. Koma málum á framfæri á réttum stöðum.
- Þarf meira fútt í þetta, þurfum að fara að rífast!
- Þakkir til fulltrúa Vesturbyggðar fyrir að koma.

Umsjón með fundinum hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI í Grundarfirði og skráði hún þessa minnispunkta.